

Námsvísir 2022-2023

1. bekkur

Námshættur: Heimurinn og ég

Kennari: Sigrún Erla Eyjólfsson



Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

Markmið

Að nemendur geti:

- gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengi
- gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld hreyfingu og hreinlæti
- bent á störf sem krefjast sérþekkingar
- látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því
- miðlað myndrænt hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum
- skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim
- nýtt reynslu í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum
- gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns
- lýst umhverfi í heimabyggð
- fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð
- lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks
- útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans

Kennsluáferð / vinnulag

Lestur úr lesbók, innlögn á töflu, samskipti og umræður, vettvangsferðir, útikennsla, vinnubókarvinna, einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna

Námsmat

Virgni og vinna í tímum

Námshættur

Halló heimur 1

Ýtarefni af bókasafni